Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Félags sportvörukaupmanna 22. febrúar 1968 til 20. mars 1991

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag sportvörukaupmanna – Stjórnarfundir – Aðalfundir – Stofnfundur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-15

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Félag Sportvöruverzlana.

Félag sportvöruverzlana

1968 - 1991

RECORD

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

THE RIGHT BOOKS TO WRITE IN

# NATIONAL COLUMNAR BOOKS

*Lithographed on Good Quality White Ledger Paper*

AVAILABLE IN THE FOLLOWING RULINGS

| 150 Pages | 300 Pages | 500 Pages | Rulings |
|---|---|---|---|
| ☐ 56-110 | ☐ 56-130 | ☐ 56-150 | Long Day Books |
| ☐ 56-111 | ☐ 56-131 | ☐ 56-151 | Records |
| ☐ 56-112 | ☐ 56-132 | ☐ 56-152 | Journals |
| ☐ 56-115 | ☐ 56-135 | ☐ 56-155 | S. E. L. Index |
| ☐ 56-116 | ☐ 56-136 | ☐ 56-156 | D. E. L. Index |

*All items above are without units*

WHEN YOU NEED ANOTHER BOOK ORDER FROM YOUR STATIONER BY SPECIFYING NUMBER INDICATED ABOVE.

NATIONAL

National Blank Book Company, Holyoke, Massachusetts

Made in U. S. A.

Ár 1968. – Fimmtudaginn 22. febrúar var haldinn

Stofnfundur

Félags sportvörukaupmanna, á skrifstofu Kaupmannasamtaka Íslands, Marargötu 2, kl. 15³⁰.

Pálmi Sigurðsson, vara-form. Kaupmannasamtakanna, setti fundinn og skýrði tilganginn og bauð fundarmenn velkomna. Fundarritari var framkv.stj. Kaupmannasamtakanna, Sigurður Magnússon. Mættir voru til þessa stofnfundar undirritaðir sportvörukaupmenn:

Dagskrá:

1. Lagt fram uppkast að lögum fyrir félagið, en það hafði verið sent þeim, sem til fundarins voru boðaðir, en alls voru það 16 fyrirtæki.
   Voru lögin lesin ítarlega og gerðar á þeim ýmsar breytingar.
   Voru lögin síðan borin undir atkvæðagreiðslu og þau samþykkt samhljóða eins og hér á eftir greinir:

2. Kjörinn var formaður til eins árs samhljóða Jón Aðalsteinn Jónasson í verzl. Sportval.

3. Kjörnir voru meðstjórnendur til 2ja ára ~~Axel Asplund og Gunnar Berg i verzl. Sportval~~ samhljóða ~~og~~ þeir Hákon Jóhannsson í verzl. Sport og Gunnar H. Sigurgeirsson í Sportvöruhúsi Reykjavíkur.

4. Kjörnir voru varamenn til eins árs samhljóða þeir Axel Asplund í verzluninni Vesturröst og Svavar Gests í Sportvöru- og Hljóðfæra~~verzlun~~ ~~Reykjavíkur~~ verzlun Akureyrar.

5. Kjörnir voru samhljóða endurskoðendur þeir Konráð Gíslason í sportv.v. Hellas og P. Kristian Wilhelmsen í Goðaborg.

6. Kjörinn var ~~Kristian Wilhelmsen~~ aðalfulltrúi í Fulltrúaráð K.Í. Konráð Gíslason og til vara Axel Asplund, báðir samhljóða.

Með þannarsilundu var fundarefni ~~lo~~ tæmt, óskaði fundarstjóri félagsmönnum til hamingju með félagsstofnunina og sagði fundi slitið.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Pétur Sigurðsson. Sig. Magnússon

Konráð Gíslason Gunnar H. Sigurgeirsson

Svavar Gests Karl Asplund

Ole Mikkel Jón Aðalsteinn Jónasson

HLÉ.



Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aðalfundur
## félags sportvörukaupmanna

haldinn föstudaginn 3. apríl 1987.

1. Guðmundur Kjartansson formaður fél. setti fundinn og stýrði honum.
   Fundurinn var haldinn í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands, Rvk. og bauð formaður gesti frá KÍ, þá Hrein Sumarliðason, Magnús E. Finnsson og Gunnar Þorkelsson velkomna til fundarins.
   Tilefni þess að þeir voru þarna komnir var að um nokkurn tíma hafa verið viðræður í gangi um að þetta félag sem um þriggja ára skeið hefur starfað utan vébanda KÍ, gangi í Kaupmannasamtökin.

2. Formaður flutti skýrslu stjórnar og kom fram að fjölmörg hagsmunamál höfðu verið til umfjöllunar hjá félaginu.
   Hann ræddi m.a. um hópferðir félagsmanna til útlanda á ISPO vörusýningar um möguleika á að fá betri kjör á ferðirnar og betra hótel.
   Um sölu á íþróttafatnaði í dansskólum, um ólöglegan innflutning á skotvopnum og skotæfingar erlendis, um nýfengna tollalækkun á skíðum og ýmsa galla á tollskránni, um árshátíðir og um markmið og stefnu félagsins í framtíð.
   Hann taldi hag félagsmanna betur borgið innan vébanda KÍ og lagði fram stjórnartillögu þar um.
   Jafnframt talaði hann um að efla tengsl milli manna í sömu starfsgrein og vildi viðhalda [illegible] samstarfi við heildsala og framleiðendur.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Ávörp gesta
Fyrstur talaði Magnús E Finnsson framkvæmdastjóri KÍ. Ræddi hann m.a. um helsta viðfangsefni KÍ bæði gömul og ný um eignir Samtakanna og samstarf og skyldur við helstu stofnanir og samtök annarra í viðskipta geiranum, svo sem Lífeyrissjóðinn verzlunarbankann, FÍS o.fl. o.fl.
Hreinn Sumarliðason erindreki KÍ rakti stuttlega sögu Samtakanna og greindi síðan frá áhuga og undirbúningi stofnunar sérgreinafélags Sportvöru-Kaupmanna innan KÍ, sem síðar leiddi til viðræðna milli þessa félags og fulltrúa frá KÍ um inngöngu félagsins í samtökin. Fram kom einnig og reyndar sést hér framar í bókinni að slíkt félag var stofnað 1968 en lognaðist fljótt útaf. Hvatti Hreinn fundarmenn til þess að taka saman höndum við þá sportvörukaupmenn sem þegar eru fyrir í KÍ um stofnun á einu öflugu fagfélagi.
Guðni Þorgeirsson fulltrúi KÍ gat um kostnað vegna félagsgjalda og nefndi fjölmörg dæmi um ávinning af veru í sérgreinafélögum Kaupmanna. Svo sem lækkun þóknunar hjá Kredit-kortafélögunum o.fl.
4. Almennar umræður. Vita komið við. spurt var um félagsgjöldin og svaraði M.E.F. því til að meginreglan væri 2% af launagrunni, en Hrunabundið samkomulag væri um að félagar í F.S. greiddu lágmarksgjald sem væri í dag 860 kr á mánuði - einhverri ályktunar Hrna en ný stjórn Samtakanna hefði í



huga endurskoðun á iðgjalda-fyrirkomulaginu og markaði síðar stefnuna í þeim málum.
Ól. B. Schram sagði að vitaskuld ætta kaupmenn sem áður að sameinast í sínum fag og hagsmunafélögum. Hann hafði þó þrátt áhuga á að þeir klúbbfélagar - heildsalar og framleiðendur sem eðli málsins samkvæmt ætta ekki erindi í KÍ héldu við góðum tengslum við hópinn.
Margir fleiri tóku til máls.

5. Tillaga stjórnarinnar um inngöngu í Kaupmannasamtökin var borin upp og samþykkt án mótatkvæða.

6. Staðal lög KÍ lesin upp og borin undir atkvæði.
samþykkt samhljóða.
Lög þessi verða límd inn í þessa bók hér á eftir.

7. Stjórnarkosning. 3 manna stjórn.

Formaður í eitt ár: Guðmundur Kjartansson % Sportval
meðstjórnandi - Bjarni Sveinbjörnsson - Útilíf.
— " — tvö ár Jónas Gunnlaugsson. Sporthl. Ísaf.

Varam. í eitt ár: Gunnar Gunnarsson, Sporthúsið. Akureyri
— — — Guðjón Hilmarsson Sportta Rv

Aðalfulltrúi: Bjarni Sveinbjörnsson
vara Guðjón Hilmarsson

Endursk. Björn Birgisson % Veiðihúsið

8. Önnur mál. Framundan var afmæli félagsins sem undirbúin

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var á 14. hæð hér í húsi verzlunarinnar.
Frekari umræður urðu ekki, undirritaður sem tók að sér að skrá fundargerð óskaði nýkjörinni stjórn heilla og fagnaði inngöngu félagsins í Kaupmannasamtökin.
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Guðmundur [illegible]

Hreinn Sumarliðason

1. grein.

Félagið heitir Félag sportvörukaupmanna.

2. grein.

Félagssvæði þess er landið allt.
Heimilisfang og varnarþing er Reykjavík.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að efla samstarf sportvörukaupmanna á félagssvæðinu, vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði stéttarinnar og stuðla að því að verslun sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Félagið skal vera í Kaupmannasamtökum Íslands og telst það og félagsmenn þess vera í Kaupmannasamtökunum. Félagsmenn eru háðir lögum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, svo og öllum lögmætum breytingum á þeim, fyrirmælum, reglum og fundarsamþykktum á vegum félagsins og Kaupmannasamtaka Íslands, og skuldbinda sig til að hlýta þeim.

4. grein.

Félagsmaður getur sá orðið, sem rekur verslun á félagssvæðinu. Skal hann senda félagsstjórn skriflega umsókn. Ef meirihluti stjórnar samþykkir inntökubeiðnina, telst hann félagsmaður.
Ef félagsmaður brýtur gegn hagsmunum félagsins, getur meirihluti stjórnar vikið honum úr félaginu, en leggja skal ákvörðun stjórnarinnar fyrir næsta félagsfund, og þarf 2/3 hluti greiddra atkvæða til þess að brottrekstur sé lögmætur. Hafi félagsmaður eigi haft opna verslun í eitt ár, skal hann tekinn af félagsskrá.
Gangi nýjir félagsmenn í sérgreinafélag eða kaupmannafélag innan vébanda K.Í. skal stjórn viðkomandi félags tilkynna það skrifstofu K.Í.





5. grein.

Heimilt er að segja sig úr félaginu frá áramótum að telja með minnst sex mánaða fyrirvara, enda sé félagsmaður skuldlaus við K.Í. Úrsögn skal vera skrifleg og afhendast framkvæmdastjóra og er honum skylt að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku hennar sé þess óskað. Þó er óheimilt að segja sig úr eða fara úr félaginu meðan vinnudeila ( verkbann eða verkfall) stendur yfir.
Hætti félagsmaður að versla, fellur iðgjaldsgreiðsla hans niður frá næstu mánaðarmótum að telja.

6. grein.

Stjórn félagsins ákveður árgjald félagsmanna hverju sinni í samráði við stjórn K.Í. Gjöldin renna óskipt til K.Í. sem annast allan rekstur félagsins.

7. grein.

Stjórn félagsins er skipuð 5 mönnum og tveim til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Eftir lok fyrsta starfsárs ganga tveir meðstjórnendur úr stjórn eftir hlutkesti en síðan á víxl árlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum. Eitt atkvæði fylgir hverri skuldlausri starfsstöð ( búð).

8. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, eða láta kjósa menn í nefndir á félagsfundi til að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins.

9. grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir febrúar lok ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu, eða bréfi með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar sé þess óskað.
Eftirfarandi atriði skulu a.m.k. ávallt vera á dagskrá aðalfundar:

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

- 3 -

1. Skýrt frá störfum félagsins síðasta starfsár og lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
2 Stjórnarkosningar skv. 7. grein.
3. Kosnir 2 endurskoðendur.
4. Kosinn 1 aðalfulltrúi og 1 varafulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
5. Önnur mál.

10. grein.

Stjórnin skal boða til félagsfunda, er ástæða þykir til. Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt sem verða má.

11. grein.

Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytinga skal geta í fundarboði.

12. grein.

Félaginu verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi, og skal geta þess í fundarboði, og þurfa félagsslitin samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Ef félaginu er slitið, skulu eignir þess renna til Kaupmannasamtaka Íslands, eða annars félags, sem verði hugsanlega stofnað síðar á félagssvæðinu.

13. grein

Í gjörðabók félagsins skal rita stutta skýrslu um það, er gjörðist á félagsfundunum, einkum allar fundarsamþykktir. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði. Fundarstjóri og fundarritari undirskrifa síðan fundargerðina. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, sem farið hefur fram á fundinum.



- 4 -

14. grein. ( sérákvæði )

Með tilvísun í II kafla 3. gr. A laga Kaupmannasamtaka Íslands, heimilast fámennum sérgreinafélögum að kjósa sér 3 manna stjórn í stað 5 manna. Skal þá kjósa formann sér, til eins árs, en meðstjórnendur til 2 ára. Eftir lok fyrsta starfsárs gengur annar meðstjórnandi úr eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Tveir varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Lögin í heild samþykkt
á aðalfundi 3/4. 1987.

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/2 88 – Fellt niður vegna ónógrar þátttöku Guðm.

Kaupmannasamtök Íslands — Félag sportvörukaupmanna. — 22 Jan 1988

Guðm. 685955

| Nr. | Nafn | Heima | Sími | Nafnnr | Eigandi |
|---|---|---|---|---|---|
| 0263 | Hússport | Arnarbakka 2 | 76670 | 1489-5133 | Gunnhildur Magnúsd |
| 0264 | Íþróttabúðin | Borgartúni 20 | 20011 | 4137-7011 | Hilmar Þorkelsson |
| 0265 | Sporthlaðan | Silfurtorgi 1 | 94-4123 | 8328-6571 | Jónas Gunnlaugsson |
| 0266 | Sportlíf h.f. | Eiðistorgi 13 | 611313 | 8328-6210 | Sigurður Jónsson |
| 0267 | Sportmiðstöðin Bikarinn | Skólavörðustíg 14 | 24520 | 9346-3900 | Hafþór Guðmunds, S |
| 0268 | Sportval s.f. XXX | Laugavegi 116 | 26690 | 8328-6415 | Garðar og Guðm.Kja |
| 0269 | Sportvöruversl. Sparta | Laugavegi 49 | 12024 | 8328-6695 | Guðjón B. Hilmarss |
| 0270 | Útilíf | Álfheimum 74 | 30350 | 9032-7313 | Bjarni Sveinbjörns |
| 0271 | Veiðihúsið | Nóatúni 17 | 84085 hs.6 | 9162-0472 | Hallgrímur Marinós |
| 0409 | Sportmarkaðurinn | Skipholti 50c | 31290 | 8328-6113 | Geir Gígja |
| 0679 | Sportbær | Hraunbæ 102a | 673440 | 4965-3328 | Jóhann Friðbjörnss |

Heiðraði sportvörukaupmaður.

Kaupmannasamtök Íslands [...] kaupmanna í samvinnu við Hel[...] gangast fyrir sölutækni náms[...] að þörfum sportvörukaupmanna[...]

Námskeiðið hefst þriðj[...] 20:00 í húsnæði Kaup[...] verslunarinnar, Reykjavík, 6[...] þ.e. 9/2 - 11/2 - 16/2 og 18[...] 3 klukkustundir hvert kvöl[...] fram í sportvöruverslun og v[...] myndbandsupptaka.

Verð námskeiðsins e[...] þátttakanda. Í þessu verði[...] kaffiveitingar ásamt kennsl[...]

Félagsmenn eru hvattir[...] fyrir sig og sitt starfsfól[...]

Á það skal sérstaklega[...] í sportvöruverslun er þanni[...] inna af hendi tiltekið ve[...] myndband. Síðan geta þeir[...] sjónvarpi og tekið þátt í [...]

Skráning þátttakenda fer fram á skrifstofu K.Í. daglega til 5. febrúar n.k., sími: 687811. Þar eru og veittar allar nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Helgi Baldursson (signature)
Helgi Baldursson,
kennari.

Guðmundur Kjartansson (signature)
Guðmundur Kjartansson,
form. Fél. sportvörukaupm.



Fimmtudaginn 11. 2. 88 haldinn stjórnarfundur í fél. Sportvöru Kaupmanna.

Mættir voru Guðmundur Kjartansson, Jónas Gunnlaugsson, einnig Guðni Þorgeirsson og Hrannar Sumarliðason sem ritar fundargerð.

Formaður félagsins Guðm. Kjartansson setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið:

1. Farið yfir félagatalið, með það í huga að fjölga félagsmönnum. Ákveðið að hringja í nokkra aðila.
2. Í sambandi við fyrirhugað námskeið, sem aflýst var vegna ónógrar þátttöku. Þá var ákveðið að ræða framhaldið á aðalfundi félagsins n.k.
3. Aðalfundur félagsins sem búið var að dagsetja núna í febrúar, verði frestað til 12. apríl n.k. kl. 20:00.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hrannar Sumarliðason ritari

Guðmundur Kjartansson

Jónas Gunnlaugsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1987 fimmtudaginn 30 apríl kl. 11.00 héldum fyrsti stjórnarfundur í Félagi sportvörukaupmanna í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands, í Húsi verslunarinnar.
Mættir Guðmundur Kjartansson formaður og Guðjón Hilmarsson, Jónas Gunnlaugsson auk Hrunar Samúelssonar og Guðna Þorgeirssonar frá skrifstofu K.Í.

Formaður, Guðmundur Kjartansson, setti fund og stjórnaði

Fyrir tekið:

1. Rætt um öflun nýrra félaga og starfi því samfara deilt niður á stjórnarmenn.

2. Ákveðið að óska eftir fyrirgreiðslu K.Í til dagforingar í tollamálum.

3. Rætt um námskeiðahald og ákveðið að reyna að koma á námskeiði í september eða október.

4. Rætt um þann möguleika, hvort K.Í gæti ekki náð samningi við ferðaskrifstofu um afslátt fyrir félagsmenn.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson fundarritari.
Guðmundur Kjartansson
Guðjón B. Hilmarsson
Jónas Gunnlaugsson



Fimmtudaginn 11. 2. 88 héldum stjórnarfundur í fél Sportvöru Kaupmanna.

Mættir voru Guðmundur Kjartansson og Jónas Gunnlaugsson, einnig Guðni Þorgeirsson og Hreinn Sumarliðason sem ritar fundargerð

Formaður félagsins Guðm. Kjartansson setti fundinn og stjórnaði honum

Fyrir var tekið:

1. Farið yfir félagatalið, með það í huga að fjölga félagsmönnum.
Ákveðið að hringja í nokkra aðila.

2. Í sambandi við fyrirhugað námskeið, sem aflýst var vegna ónógrar þátttöku, þá var ákveðið að ræða framhaldið á aðalfundi félagsins n.k.

3. Aðalfundur félagsins sem búið var að dagsetja núna í febrúar, verði frestað til 12. apríl n.k. kl. 20.00

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason ritari

Guðmundur Kjartansson
Jónas Gunnlaugsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðm. 685955.

| Nr. | Nafn | Heima | Sími | Nafnnr | Eigandi |
|---|---|---|---|---|---|
| ✓ 0263 | Búsport | Arnarbakka 2 | 76670 | 1489-5132 | Gunnhildur Magnúsd |
| ✓ 0264 | íþróttabúðin | o Borgartúni 20 | 20011 | 4137-7011 | Hilmar Þorkelsson |
| ✓ 0265 | Sporthlaðan | Silfurtorgi 1 | 94-4123 | 8328-6571 | Jónas Gunnlaugsson |
| ✓ 0266 | Sportlíf h.f. | 2. Eiðistorgi 13 | 611313 | 8328-6210 | Sigurður Jónsson |
| ✓ 0267 | Sportmiðstöðin Bikarinn | X Skólavörðustíg 14 | 24520 | 9346-3900 | Hafþór Guðmunds, S |
| ✓ 0268 | Sportval s.f. | 3. Laugavegi 116 | 26690 | 8328-6415 | Garðar og Guðm.Kja |
| 0269 | Sportvöruversl. Sparta | Laugavegi 49 | 12024 | 8328-6695 | Guðjón B. Hilmarss |
| ✓ 0270 | Útilíf | o Álfheimum 74 | 30350 | 9032-7313 | Bjarni Sveinbjörns |
| 0271 | Veiðihúsið | Nóatúni 17 | 84085 hs.6 | 9162-0472 | Hallgrímur Marínós |
| 0409 | Sportmarkaðurinn | Skipholti 50c | 31290 | 8328-6113 | Geir Gígja |
| 0679 | Sportbær | Hraunbæ 102a | 673440 | 4965-3328 | Jóhann Friðbjörnss |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/2-88 – Fellt niður vegna ónógrar þátttöku

Reykjavík 26. janúar 1988.

Heiðraði sportvörukaupmaður.

Kaupmannasamtök Íslands fyrir hönd Félags sportvörukaupmanna í samvinnu við Helga Baldursson, viðskiptafræðing gangast fyrir sölutækni námskeiði sem sérstaklega er sniðið að þörfum sportvörukaupmanna og starfsfólks þeirra.

Námskeiðið hefst þriðjudaginn 9. febrúar n.k., kl. 20:00 í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands, Húsi verslunarinnar, Reykjavík, 6. hæð og verður fjögur kvöld, þ.e. 9/2 - 11/2 - 16/2 og 18/2 og stendur yfir í um það bil 3 klukkustundir hvert kvöld. Hluti námskeiðsins fer þó fram í sportvöruverslun og verður sá hluti verkleg æfing og myndbandsupptaka.

Verð námskeiðsins er kr. 5.000.- fyrir hvern þátttakanda. Í þessu verði er innifalið: námskeiðsgögn, kaffiveitingar ásamt kennslu.

Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þetta námskeið fyrir sig og sitt starfsfólk.

Á það skal sérstaklega bent að sá þáttur sem fram fer í sportvöruverslun er þannig framkvæmdur að þátttakendurnir inna af hendi tiltekið verk í búð og það er tekið upp á myndband. Síðan geta þeir skoðað sína eigin frammistöðu í sjónvarpi og tekið þátt í umræðu hópsins um hana, o.s.frv.

Skráning þátttakenda fer fram á skrifstofu K.Í. daglega til 5. febrúar n.k., sími: 687811. Þar eru og veittar allar nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Helgi Baldursson,
kennari.

Guðmundur Kjartansson,
form. Fél. sportvörukaupm.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur
félags Sportvörukaupmanna

var haldinn þriðjudaginn 12/4.
1988 kl. 20⁰⁰. Fundurinn var
haldinn í húsnæði Kaupmanna-
samtakanna í Húsi Verzlunarinnar.

Formaður félagsins Guðmundur
Kjartansson, setti fundinn
tilnefndi hann Guðna Þorgeirsson
skrifstofustjóra sem fundarstjóra
og Steinunni Ásmundsdóttur sem ritara.

Gengið var til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar:
Formaður flutti skýrslu stjórnar
og gat um aðdragandann að
inngöngu félagsins í Kaupmanna-
samtökin og að hvaða málum
starfað hefði verið á árinu.
Fram kom að félagsmenn eru
nú 26 að tölu að þeim með-
töldum sem eru félagsmenn
kaupmannafélaga úti á landi
sem ~~...~~ verzla með sportvörur.
Síðan urðu almennar umræður
um skýrslu stjórnarinnar o.fl.
Eftirtaldar inntökubeiðnir voru
samþykktar á fundinum frá
Sportbúð Kópavogs, Hamraborg.
Boltamanninum, Laugaveg 27
Frísport Laugaveg 6.
Trimmminn h/f Klapparstíg 40
Skátabúðinni Snorrabraut 60.
Þá var rætt um kortakostnaðinn
sem mjög brennur á mönnum.
Spurt var um árangur af tilraunum



til samninga við ferðaskrifstofur
Fram kom að þeim samningum
er ekki lokið enn. Hugmyndin
er að þeir sem geta framvísað
félagsmerki KÍ, þeir fái einhvern
afslátt út á það.
Beðið var um að KÍ gerði
gangskör í að afla félagsmönnum
afsláttarsamninga.
Spurt var um fyrirkomulag
hugsanlegra námskeiða á vegum
félagsins og á hvern hátt mætti
auðvelda ~~...~~ landsbyggðarmönnum
að nýta sér svona námskeið.
Þá var rætt um tryggingakjör
hjá Brunabótafél. Íslands.

2. Kosningar:

Formaður: Guðmundur Kjartansson

meðstj. í tvö ár: Jónas Gunnlaugsson
en fyrir í stjórn til næsta
aðalfundar er Bjarni Sveinbjörnsson

varastjórn Guðjón Hilmarsson og
Hafþór Birgir Guðmundsson

Aðalfulltrúi: Bjarni Sveinbjörnsson
til vara: Guðjón Hilmarsson

Endursk. Birgir Hermannsson

3. Önnur mál.
Nýkjörinn formaður félagsins
þakkaði traust það sem honum
væri sýnt. Síðan hóf hann
umræðu um verðlagningu á
sportvörum í stórmörkuðum.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann nefndi dæmi um Addidas skó sem seldir voru í tilteknum markaði fyrir heildsöluverð að viðbættum söluskatti.

Spurt var hvort þvílíkt dæmi væri að finna úr öðrum greinum.

Rætt var um að stjórnin geri könnun á því hvernig verðlagningunni er í raun háttað hjá stórkaupmönnum og ákveði síðar hvernig eigi að bregðast við.

Fram kom hugmynd um að flokka Sportvöruverslanir sem sérverslanir með fagþekkingu.

Rætt var um systurfélagið í glensi kallað „Coctail félagið" en það er klúbbur þar sem Sportvöruheildsalar eru einnig með.

Þá kom upp umræða um þjónustu heildsalanna við verslanirnar og hvort menn væru almennt ánægðir með hana.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

[signature] ritari
Guðmundur [signature]
Bjarni Þorgeirsson
fundarstjóri.



Stjórnarfundur þriðjudaginn 31. maí 1988.

Mættir voru: Jónas Gunnlaugsson, Bjarni Sveinbjarnarson, Haffþór Guðmundsson og Guðmundur Hjaltason.

1. Lagt var fram bréf til innflytjenda og framleiðanda á sportvörum frá stjórninni þar sem félagið leggur áherslu á þá skoðun þess að verðlagning í stórmörkuðum sé orðin óeðlileg, einnig ~~var~~ er þeim bent á að sportvöruverslanir hafi sérstöðu hvað þekkingu á sölu þessarar vöru snertir.

2. Lagt var fram bréf sem senda á öllum meðlimum félagsins til upplýsingar fyrir þá.

3. Hugmyndir komu upp um átak í kynningar og auglýsingamálum fyrir félagið. Hallast menn helst að því að fara í samstarf við útvarpsstöð og t.d. samtök um reyklausa æsku þar sem félagið borgaði ákveðna upphæð í fyrir hvern þátttakanda í leik sem haldinn væri í tilefni dagsins. Ákveðið var að menn hugsuðu málið frekar og hittust ~~eft~~ eftir helgi.

4. Hugmyndir komu upp um samkomulag um lokun sportvöruverslana eftir sumartímann á laugardögum. Ekki náðist ~~sam~~ samstaða um það mál.

Guðmundur [signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur 7.6.88

1. Ákveðið að hafa samband við Krýsuvíkur samtökin vegna göngu um Íslands um miðjan júní og athuga hvernig okkar félag gæti komið inn í þann dag. Ýmsar leiðir voru ræddar, en formaðurinn mun setja ~~[illegible]~~ sig í samband við Krýsuvíkursamtökin

2. Ákveðið að boða til félagsfundar þar sem rætt yrði um ofangreint atriði og einnig um samræmdar aðgerðir félagsins í afnámi afslátta. Einnig að fá þangað bankastarfsmann til fræðslu um aðgerðir banka gegn ávísanafalsi og reglur um bankakort.

3. Einnig voru ræddar hugsanlegar aðgerðir í framhaldi af bréfi okkar til heildsala og framleiðanda. Frekari ákvarðanir látnar bíða félagsfundar.



Félagsfundur 15.6.88.

Eitthvað mun fundarboð fyrir þennan fund hafa misfarist þar sem aðeins 5 mættu á þennan fund. Hugmyndir stjórnar voru kynntar og ákveðið að kynna betur með bréfi og hafa síðan símasamband og kanna undirtektir.

Heildarskuldir félagsins væri í kringum 350.000 kr. sem skiptist á verslanir sem tekju þátt í þessu átaki

Jákvæð viðbrögð voru vegna hugmynda að taka fyrir afslátt til félagasamtaka og starfsmannafélag, látið bíða næsta félagsfundar. Einnig voru jákvæð viðbrögð vegn samræmingu staðgreiðsluafsláttar.

Kaffið bragðaðist vel og fundi var slitið ~~[illegible]~~ 21^15^.

15.6.88

Guðmundur [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur 16. 3. 1989.

Formaður setti fundinn og las skýrslu stjórnar félagsins.

Stjórn félagsins var öll endurkjörin án mótframboða.

Rætt var um tillögur að nýju skipulagi K.Í. og voru fundarmenn sammála um að breytingin yrði til góða, en sportvörukaupmenn héldu þó áfram hópinn.

Formaður gerði grein fyrir samvinnu við Kaupmannasamtökin og lagði áherslu á að ljúka þyrfti innheimtu gíróseðla.

Halldór í Skátabúðinni telur að sér að athuga eftir því fyrir hönd félagsins að K.Í. fari fram á skýrari reglur varðandi áritun pappíra í tolli.

Hafþór í Sikanum telur að sér að leita eftir samstarfi við hótel í München vegna Ispo sýninga og reynt verði að sameina alla á eitt hótel og ná þannig fram afslætti.

Fundi var slitið kl. 10.10

Reykjavík 16. 3. 89.

Guðmundur [illegible]

Aðalfundur haldinn 17.3.1990.

Formaður setti fundinn og las skýrslu fráfarandi stjórnar.
Stjórn félagsins var öll endurkjörin og hana skipa næsta starfsár:

Guðmundur [illegible] formaður
Bjarni Sveinbjarnarson varaformaður
Jónas Gunnlaugsson meðstjórnandi

Í varastjórn voru kosnir Guðjón Hilmarsson og Hafþór Guðmundsson. Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í. var kosinn Bjarni Sveinbjarnarson og til vara Guðjón Hilmarsson. Fulltrúi til aðalfundar K.Í. var valinn Halldór Hreinsson

Því næst voru almennar umræður og bar þar margt á góma. Rætt var um starfsemi Ean nefndarinnar og þróunina í þeim efnum, um plastpokamálin. Formaður sagði frá störfum nefndar sem fjallar um vanda dreifbýlisverslunarinnar og samningaviðræðum við Visa og Euro, ásamt hugmyndum um beinteingingu við kreditkorta-fyrirtækin.
Fundarmenn voru sammála um að vinna beri áfram að þátttöku í [illegible] h.f. og þeirri staðreynd að meiri tími og peningar fara í það í framtíðinni að halda landinu hreinu.
Þá voru ítrekaðar óskir félagsmanna, um sameiningu við önnur sérgreinafélög og mun formaður koma þeim ósk á framfæri við framkvæmdastjórn K.Í.

Reykjavík 17.3.1990

Guðmundur [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**TILLAGA.**

Aðalfundur FÉL. SPORTVÖRUKAUPMANNA
haldinn 20.03.'91
samþykkir að heimila stjórn félagsins að vinna að sameiningu þess við önnur sérgreinafélög innan K.Í.

Lög félagsins verði í samræmi við núgildandi lög.
Fyrirvari er um skipan fulltrúaráðsins.

Guðmundur [illegible], formaður
[signature], varaform.

Verði tillaga þessi samþykkt er fyrirhugað að þau félög, sem vilja, haldi sameiginlega stofnfund hins nýja félags hinn 16. apríl n.k.
Þar verði kosin stjórn og samþykkt lög og jafnframt falli niður umboð þeirrar stjórnar sem kjörin verður hér í dag.



Aðalfundur 20. 3. 1991.

Fundurinn var fyrst og fremst boðaður til að staðfesta samþ. frá síðasta ári um sameina félags sportvörukaupmanna við önnur sérgreinafélög. þessi tillaga var samþykkt á fundinum af formanni og varaformanni, sem voru þeir einu sem mættu á fundinn.

Stjórnin situr áfram óbreytt til endanlegrar sameiningar.

Rætt var almennt um stöðu sportvöruverslana í dag og breytingar

Annað ekki tekið fyrir á fundinum. og fundi slitið 8⁵⁰.

Guðmundur [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

NATIONAL

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur